



GARÐABÆR

VERUM SAMAN - HÖFUM GAMAN

Forvarnavíka Garðabæjar verður haldin 3.-10. október. Þema vikunnar er heilsueflandi samvera og slagorð hennar er „**Verum saman – höfum gaman**“. Í vikunni verður boðið upp á fræðslu og viðburði þessu tengt fyrir foreldra og börn í Garðabæ.

Miðvikudaginn 3. október kl. 20:00 verður opinn fræðslufyrirlestur fyrir foreldra og starfsfólk í sal Sjólandsskóla.

Mikilvægi tengsla og tengslamyndunar fyrir börn.

Anna María Jónsdóttir geðlæknir og einn af stofnendum Miðstöðvar foreldra og barna ræðir um mikilvægi samskipta og umönnunar og áhrif þess á heilsu og velferð til framtíðar.

„Er nærvera samvera? – allir út að leika.“

Róbert Marshall, ritstjóri vefsins vertuuti.is ræðir um útivist og samveru.

Aðgangur á fræðslufundinn er ókeypis og kaffi verður í boði í hléi.